



Jöklaárannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 58

September 1996

HAUSTFERÐ

Hin árlega haustferð félagsins í Jökulheima verður farin helgina 13.-15. september 1996. Lagt verður af stað á föstudagskvöld kl. 20 frá Guðmundi Jónassyni h.f. Borgartúni 34.

Pátttaka, tilkynnist Ástvaldi Guðmundssyni Rakarastofunni Dalbraut 1 (vinnusími 568 6312) eða Alexander Ingimarssyni í Plastprent h.f. (vinnusími 587 5600).

HAUSTFERÐ

„13. september ferð“ Jörflí verður farin föstudaginn 13. september n.k. Lagt verður af stað í rútu frá húsi Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar h.f. Borgartúni 34 kl. 20:00 stundvíslega.

Nú verður spennandi að sjá hvort Tungnaárjökull hefur tekið að hopa aftur eftir framhlaup síðasta árs. Gangur hefur verið í Sylgjujökli að undanförunu (sjá bls. 9) og er e.t.v. hreyfing á honum enn.

Allir félagar eru hvattir til að mæta og taka fjölskylduna með. Munið að tilkynna þátttöku til: Ástvalds Rakarastofunni Dalbraut 1, sími 568 6312, eða til Alexanders í Plastprent h.f. sími 587 5600 og tryggja ykkur far.

Nefndin

VORFERÐ JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGS ÍSLANDS 1996

Helstu verkefni leiðangursins þetta árið voru að kanna Grímsvötn að afloknu hlaupi, mæla á vetrarákomu í Grímsvötnum og á Örafajökli, þyngdarmæla við Skaftárkatla og á Örafajökli, prófa nýja íssjá og að þjónusta veðurathugunarstöðvar á jöklinum. Farartæki á jökli voru Jaki (snjóþíll JÖRFI) og snjóþíll Landsvirkjunar, nokkrir jeppar og vélsleðar. Þátttakendur voru 27 þegar mest var en nokkrir fóru snemma til byggða, voru aðeins langa helgi á jökli. Fararstjóri var Magnús Tumi Guðmundsson og Þóra Karlsdóttir hafði umsjón með matarinnkaupum og matseld.

Meðal þátttakenda var þriggja manna hópur frá Bandríkjunum sem kvikmyndaði mælingar leiðangursins. Verða þær myndir hluti svonefnds Jason verkefnis, en það er viðamikil kennsludagskrá fyrir unglinga sem flutt verður á internetinu næsta vor. Þessi „bandaríski“ hópur samanstóð af Íslendingnum Haraldi Sigurðssyni, Englendingum Jonathan Wickham og Kanadakonunni Lili Schad. Freyr tók að sér að aka með hópinn um jökulinn.

Við lögðum af stað föstudagskvöldið 7. júní en þá var haldið í Freysnes þar sem gist var í ágætu svefnpokaplássi. Um hádegisdaginn eftir var vistum, eldsneyti og tækjum hlaðið á snjóbílanana á Skálafellsjökli. Færið var þungt neðantil og gekk erfiðlega að koma eldsneytiskerrunni upp fyrstu

brekkurnar og þurfti að selflytja. En færið skánaði þegar leið á daginn og á miðnætti voru öll farartæki komin á Grímsfjall.

Sunnudagurinn 9. júní rann upp bjartur og fagur. Nokkrir fóru í Kverkfjöll og báru á skálann en aðrir fóru niður í Grímsvötn til mælinga. Aðeins tveir mánuðir voru liðnir frá Skeiðarárhlaupinu en eigi að síður tókst að finna færa leið framhjá sprungum niður í norðvesturhorn Grímsvatna, rétt vestan þess staðar þar sem jökulsprungan Stóragjá var sem glæsilegust vorið 1960. Nú mótaði fyrir Stórugjá en breytingar síðustu áratuga valda því að hún var ekki nema svipur hjá sjón. Eigi að síður var ægifagurt um að litast í Grímsvötnum, einkum með jöðrum íshellunnar en þar voru stórkostlegar sprungur.

Á mánudag var veður þungbúið en nothæft og var áfram unnið í ýmsum verkefnum. Á þriðjudegi birti aftur til. Nokkrir unnu í þyngdarmælingum við Skaftárkatla. En stjórnur dagsins voru Haraldur og Lili, sem sigu fram af hengju við austanvert Gríðarklof og klifu síðan niður Grímsfjallið og söfnðu grjótsýnum. Þótti þeim sem óvanir voru aðförum klifrara brölt þeirra heldur glæfralegt og torsótt. Veðurspá var nú hagstæð og því var ákveðið að fara á Örafajökul daginn eftir. Að morgni miðvikudags var ræst kl. 2 og hálfum öðrum tíma síðar lagði hópurinn af stað áleiðis á Örafajökul. Heldur þyngdi að þegar leið á morguninn og svo fór að þoka lagðist yfir og hélst svo það sem eftir lifði dags. En á Örafajökul komumst við og munaði þar mestu að Hægglund snjóbíll Landsvirkjunar braut slóðina en færi var æði erfitt fyrir jeppa ofan 1700 m hæðar. Á sléttunni var tekin ákomuhola auk þess sem mælt var þyngdarsvið í öskjunni og norðan hennar. Hins vegar gaf ekki til göngu á Hvannadalshnúk. Á fimmtudag var lokið við þau verkefni sem eftir voru á fjallinu og um kvöldið var grillað. Niðurferðin var föstudaginn 14. júní og gekk að óskum. Til Reykjavíkur komum við svo síðdegis á laugar- dag eftir vel heppnaða ferð.

Rannsóknir leiðangursins voru fjölbreyttar eins og stundum áður:

1. Vatnshæð Grímsvatna mældist 1384 m y.s. og var sig í hlaupinu í apríl því 72-75 m. Úr Grímsvötnum runnu 1.1. km³, heldur minna en í síðustu hlaupum. Er það í takt við þá þróun sem í gangi hefur verið síðustu 40 ár, að Grímsvötn ganga saman vegna þess að jarðhiti hefur minnkað. Vatnið undir ísnum minnkar að sama skapi og íshellan þykknar. Þetta veldur æ minni Skeiðarárhlaupum. Ekki sér fyrir endann á þessari þróun. Þó svo heldur minna vatn hafi runnið fram í hlaupinu 1996 en áður, var hlauptoppur niðri á Skeiðarársandi hærri en verið hefur síðustu 20 árin. Stafaði þetta líklega af því að nýr sigketill myndaðist í Grímsvatnaskarði, á þróskuldinum sem stíflar Grímsvötn.

Hefur ketilmyndunin (vegna aukins jarðhita í skarðinu) auðveldað hlaupvatninu að opna sér leið út úr vötnunum og göng við botn jökuls-
ins því náð að víkka hraðar og flytja meira vatn en í síðustu hlaupum.

2. Vetrarákoma í Grímsvötnum var 4,8 m og vatnsgildi hennar 2450 mm. Er þetta heldur undir meðallagi.
3. Vetrarákoma á Örfafajökli reyndist 11,7 m á þykkt og vatnsgildið 6300 mm. Er þetta svipað og síðustu 4 ár og benda tölurnar til þess að Örfafajökull sé úrkomusamasti staður landsins.
4. Á svæðinu kringum Skaftárkatla var hæð jökulyfirborðs mæld með GPS-tækjum. Tilgangur þessara mælinga er að fylgjast með breytingum á jöklinum vegna jarðhitans.
5. Þyngdarmælingar voru gerðar á Örfafajökli og kringum Skaftárkatla. Örfafajökull er stærsta eldfjall landsins auk þess að standa utan eiginlegra gosbelta. Hann er vegna þessarar sérstöðu sinnar áhugaverður og er tilgangur þyngdarmælinganna að kanna innri gerð hans og bera hana saman við önnur eldfjöll. Skaftárkatlarnir virðast vera vaxandi jarðhitasvæði og er tilgangur þyngdarmælinganna þar að kanna hugsanlegar orsakir jarðhitans.
6. Fyrstu prófanir á nýrri íssjá Raunvísindastofnunar voru gerðar á Grímsfjalli. Skoðuð var lagskipting snævar en nýju íssjánni er ætlað að skoða lagskiptingu jökulsins, m.a. öskulög.
7. Vitjað var um sjálfvirkar veðurstöðvar Raunvísindastofnunar og Landsvirkjunar á Grímsfjalli, Skálarfellsjökli og Köldukvíslarjökli. Eru stöðvarnar hluti af samevrópsku verkefni sem miðar að því að kanna samspil veðurfars og leysingar á jöklum.

Eins og oftast áður lagði Landsvirkjun til snjóþífl og Vegagerðin styrkti félagið til kaupa á eldsneyti. Skiptir þessi stuðningur miklu máli og á stóran þátt í þeim árangri sem náðst hefur. Vorferðir JÖRFI hafa verið árlegir viðburðir síðan 1953. Frumherjarnir eru farnir að týna tölunni en með í för nú var Inga Árnadóttir en hún fór sína fyrstu vorferð árið 1956, fyrir réttum 40 árum. Vonandi munu einhver okkar hinna sem yngri eru, ná að sýna sama úthaldið.

Magnús Tumi Guðmundsson

JÖKULHLAUP Í SUMAR

Kverká

Fréttir bárust af því 10. ágúst að mjög væri vaxið í Kreppu og vegurinn við það að fara við brúna. Skipti það engum togum að vegurinn austan brúar sópaðist burt á drjúgum kafla og þar varð alófært marga daga.

Nú eru menn svo vel settir að brú er komin á Jökulsá á Fjöllum við Upp-typpinga svo ekki verða þeir innlyksa þótt ófært sé yfir Kreppu. Í mestu hlaupum í Kreppu stendur vatn svo hátt ofan ármóta í Jökulsá að ófært er úr Herðubreiðalindum norður á Mývatnsöræfi og því einu bílfæru leiðirnar vestur um Urðarháls eða norður Dyngjufjalladal ef mönnum liggur meira á en svo að þeir geti ekki beðið af sér hlaupið.

Ekki var nóg með að vegurinn færi sundur við Kreppubrú heldur þoldi hann ekki álagið við brúna á Jökulsá þar sem hún kemur út úr kjafti gljúfranna í Öxarfirði. Þar slapp áin úr aðhaldi ofan brúar og tók veginn við vestari brúarsporðinn. Þar var ófært næturlangt aðfaranótt 12. ágúst en flóðið er nærri sólarhring að ferðast ofan frá Kreppubrú niður í Öxarfjörð.

Sjómenn á Öxarfirði sögðust ekki hafa séð aðrar eins vikurrastir á floti og stóðu sjófuglar keikir á hrönnunum á opnum sjó. Vafalaust hefur hlaupið sleikt víða af bökkum vikur úr Öskjugosinu 1875 en hann flýtur afar vel eins og kunnugt er. Það var því vísbending um að þetta væri með stærstu hlaupum í seinni tíð.

Völundur Jóhannesson á Egilsstöðum er duglegur ferðamaður og glöggur á náttúruna. Honum er tíðförlut inn í Grágæsadal sem liggur við Kreppu skammt neðan ármótanna við Kverká. Að hans sögn voru engin merki um hlaup í Kreppu er hann kom fyrst í dalinn 1965 og fullyrðir hann að fyrsta hlaupið þar í háa herrans tíð hafi verið 1976. Síðan hefur Kverká hlaupið margoft og æfinlega skilið eftir sig hlaupfar í suðurhorni Fagradalsfjalls þar sem var ummerkjalaust fram til 1976. Auk heldur hækkar farvegur Kreppu framan við dalinn og heldur betur að Grágæsavatni sem fer því stöðugt dýpkandi og gengur á gróðurtorfur í bökkunum.

Samkvæmt sritablaði úr mæli Vatnamælinga Orkustofnunar, sem er skammt ofan Kreppubrúar byrjaði hlaupið þar kl. 18 þann 9. ágúst og náði hámarki kl. 5 að morgni þess 11. Hlaupið virðist vera að fullu fjarð um miðjan dag 12. ágúst. Reyndist þetta vera mesta hlaup sem mælst hefur síðan mælir var settur í Kreppu 1972. Mest varð rennslið rétt tæpir $1.000 \text{ m}^3/\text{s}$ eða um $200 \text{ m}^3/\text{s}$ meira en mest hefur mælst áður.

Jafnframt sá Þórhallur Þorsteinsson úr flugvél að lónstæði við jaðar Brúarjökuls upp af Hnútu var að tæmast nema hvað miklir ísjakar lágu þar á víð og dreif á þurru.

Skaftá

Hlaup hófst í Skaftá 9. ágúst s.l. með venjulegum fnyk. Ekki varð það tiltakanlega stórt enda ættað úr vestari katlinum eins og við var búist, því ekki var nema rúmt ár frá síðasta stór hlaupi. Hámark rennslis varð um 650 m³/s og hafði það fjarað út eftir rúma viku samkvæmt upplýsingum frá Snorra Zóphóníassyni á Vatnamælingum Orkustofnunar. Ekkert tjón varð af þessu hlaupi. Ástæða er til að taka það fram að ekkert af hlaupvatninu kom fram í Hverfisfljóti eins og verið hefur tvö síðustu hlaup.

Í lok Skaftárhlaupsins varð vart óróa á jarðskjálftamælum eins og komið hefur fram a.m.k. þrisvar áður við hlaup úr austari katlinum. Slíkt hefur ekki sést áður við vestari ketilinn. Þessi órói líkist mest þeim óróa sem mældist í Grímsvötnum 1983 er þar gaus. Páll Einarsson prófessor telur líklegast að þetta stafi af því að smávegis hraunkvika hafi komist upp undir botn jökulsins þótt fleiri skýringar kunni að koma til greina.

Oddur Sigurðsson

FJÖLÞJÓÐLEGAR JÖKLARANNSÓKNIR Á VATNAJÖKLI 1996-1997

Síðastliðið sumar hafa farið fram viðamiklar rannsóknir á Vatnajökli í þeim tilgangi að afla gagna um tengsl veðurþátta og afkomu jökulsins. Að rannsóknunum standa hópar vísindamanna frá Hollandi og Austurríki auk starfsmanna frá Raunvísindastofnun Háskólans og Landsvirkjun. Vísindasjóður Evrópusambandsins styrkir verkið, sem standa mun í tvö ár.

Alls hafa verið settar upp 12 sjálfvirkar veðurstöðvar dreifðar um jökulinn og 3 skammt utan við jaðar hans. Stöðvarnar liggja annars vegar á línu upp Breiðamerkurjökul, yfir hájökulinn og niður Dyngjujökul og hins vegar frá vesturhluta jökulsins um Grímsfjall niður á austanverðan Brúarjökul. Þrjár stöðvanna hafa verið mannaðar í allt sumar; Hollendingar og Austurríkismenn hafa dvalið á Breiðamerkurjökli en Íslendingar í um 1200 m hæð á Brúarjökli. Á öllum stöðvunum fara fram mælingar sem miða að því að meta orkustrauma til og frá jöklinum: geislun, varma frá hlýju og röku lofti sem

berst inn yfir jökulinn. Mæld er sólgeislun, endurkast hennar frá jökli, loft-hiti, raki og vindur í mismunandi hæð yfir jökli. Á nokkrum stöðvanna er einnig mæld geislun frá andrúmslofti og útgeislun frá jöklinum. Jafnframt því að meta orkustrauma sem valda leysingu jökulsins er sumarleysing mæld á jöklinum og afkoma jökulsins ákvörðuð við lok sumars. Niðurstöður allra þessara mælinga munu síðan notaðar til þess að stilla af líkön um tengsl veðurpáttá og afkomu jökla. Að því loknu verða líkönin nýtt til þess að meta hve næm afkoma jöklanna er fyrir breytingum í loftslagi.

Á komandi áratugum er þess vænst að hlýna muni vegna aukinna gróðurhúsaáhrifa og mikilvægt er að fá fram áreiðanlegar spár um áhrif þess á leysingu jökla og afkomu. Um allan heim verða stjórnvöld væntanlega að bregðast við hækkun sjávarborðs á næstu öld og hér á landi myndu breytingar á afrennsli frá jöklum hafa fjölþætt áhrif, m. a. á rekstur virkjana, brúa- og vegagerð.

Helgi Björnsson

FLUTNINGAR Á BREIÐAMERKURJÖKLI

Í sambandi við ofanefndar rannsóknir á Vatnajökli var Jöklarannsóknafélagið fengið til að flytja varning erlendu vísindamannanna frá jaðri Breiðamerkurjökuls á ýmsa staði á jöklinum. Óskað hafði verið eftir að félagið sæi um að koma allt að 4 tonnum af tækjum og vistum á sinn stað bæði rétt inn fyrir jökuljaðar þar sem Hollendingar voru með rannsóknastöð og svo alveg upp í Esjufjöll, en þar höfðu Austurríkismenn bækistöð. Reyndist dótið mun meira en upp hafði verið gefið eða um 8 tonn í stað fjögurra. Farið var austur að kvöld þess 3. maí og byrjað að flytja morguninn eftir. Lauk verkinu ekki fyrr en aðfaranótt mánudags 6. maí. Síðustu mennirnir komust loks heim um kl. 16 á mánudag.

Sex bílar í eigu félaga voru í ferð auk snjóbílsins Jaka. Hann stóð sig vel þótt eitthvað bjátaði á. Þorsteinn Jónsson bílanefndarformaður var á Benz sendiferðabíl sem fór víða um jökulinn ekki síður en snjóbíllinn og gerði útslagið um gott gengi ferðarinnar.

Í leiðinni var kíttað í helstu lekastaði á Breiðárskála. Hollendingar höfðu þar bækistöð og voru hæst ánægðir með aðbúnaðinn.

Þorsteinn Jónsson, Sverrir Gíslason og Sigurjón Hannesson fóru helgina eftir austur að Breiðamerkurjökli til að ná í vökvadælu úr Jaka til viðgerðar. Helgina þar á eftir fóru svo Sverrir og Sigurjón aftur austur, settu dæluna í og fluttu Jaka upp undir skála við Skálafellsjökul. Ekki þarf að orðlengja hvílíkt gagn félaginu er að verkum þessarra manna.

Ástæða er til að þakka sérstaklega bílanefndinni fyrir snöfurmánnleg viðbrögð í þágu félagsins og ekki síður þeim utanfélagsmönnum Sverri og Sigurjóni óeigingjarnt starf.

Oddur Sigurðsson

RANNSÓKNIR Á ÍSKRISTÖLLUM

Þorsteinn Þorsteinsson jöklafræðingur hefur nýlokið doktorsprófi við Alfred Wegener stofnunina í Þýskalandi og fjallaði hún um rannsóknir á ískristöllum í djúpkjarna úr Grænlandsjökli. Margt nýstárlegt og merkilegt kemur fram í ritgerð Þorsteins sem verður vonandi tækifæri til að kynna á fræðslufundi hjá félaginu þótt síðar verði.

Þorsteinn hefur nú hafið rannsóknir á kristöllum úr ís hér á landi en þeir eru talsvert frábrugðnir þeim djúpfrosnu grænlenku. Vænta menn sér mikils af þessu starfi og sá Jöklarannsóknafélagið sér fært að styrkja ferð hans um Vatnajökul síðastliðið vor til að bora eftir ískjarna á nokkrum stöðum. Þetta er væntanlega upphaf viðamikilla rannsókna á kristöllum úr íslenskum þíðjöklu og er ekki að efa að það stóreykur þekkingu okkar á eðli jöklanna.

Það er gleðilegt að fá aftur heim unga vísindamenn sem hafa haslað sér völl á erlendum vettvangi.

Oddur Sigurðsson

ÓKYRRÐ Í JÖKLUM

Ekki liggja jöklar kyrrir frekar en fyrri daginn. Sylgjujökull er á ferðinni enn síðan í fyrrasumar og þar af leiðandi er nú Hamarslón í Hamarskrika búið að ná fullri stærð eftir að hafa verið pollur í 8 ár. Væntanlega verður hægt að ganga úr skugga um það í haustferðinn hvort enn sé líf með jöklinum eða að hann sé sestur að til næstu hálftrar aldar.

Skriður er enn á Drangajökli. Í Leirufirði hefur hann gengið fram nærri 700 m síðan í fyrra haust að því er Ásgeiri Sólbergssyni mælist og jókst hraðinn jafnt og þétt frá því í fyrrasumar þar til í júlí er sporðurinn hné fram um rúma 4 m á sólarhring. Síðan hefur jökullinn hægt talsvert á sér og var kominn niður fyrir 2 m á sólarhring seinnipartinn í ágúst.

Sömuleiðis heldur Kaldalónsjökull á og fyllir nú óðum upp í gilið neðan við hamarinn sem Úfur er kallaður. Í Reykjarfirði á Hornströndum sjá menn miklar sprungur uppi undir Hljóðabungu og jökullinn hefur sigið þar talsvert við klettana. Samt hefur þessi hreyfing ekki skilað sér niður í sporðinn, en engan þyrfti að undra að jökullinn legði undir sig innsta hluta dalsins á næstu árum.

Nú að áliðnu sumri hefur orðið vart óvenjulegrar hreyfingar í Kötlujökli og Sandfellsjökli sem báðir eru í austanverðum Mýrdalsjökli. Enn þá er of snemmt að segja til um hvort þeir séu í þann veginn að hlaupa fram. Með þeim verður fylgst grannt á næstunni því mönnum leikur mikil forvitni á að sjá hver áhrif mikil fargbreyting hefur á Kötlu.

Oddur Sigurðsson

RÁÐSTEFNA

Í júní s.l. var haldin í Fjærland í Noregi ráðstefna um jöklabreytingar. Að henni stóð m.a. Alþjóða jöklafræðifélagið (International Glaciological Society). Ekki þótti úr vegi að kynna þar mælingar á breytingum íslenskra jökla sem Jón Eyþórsson veðurfræðingur byrjaði á 1930 og hafa verið á vegum Jörff frá stofnun félagsins 1950. Sett var upp veggspjald sem sýndi helstu mælingastaðina og línurit er fól í sér þær breytingar sem hafa orðið á stöðu jökulsporða síðan mælingar hófust. Af línuritunum má greinilega lesa að jöklar (a.m.k. íslenskir) taka til við að hopa fáum árum eftir að hlýinda-

tímabil gengur í garð hvort sem þeir eru stórir eða litlir. Sömuleiðis er þar vísbending um að þeir fari að ganga fram mjög skömmu eftir að snjór fer að safnast á þá umfram leysingu. Þessir eðlishættir jökla eru umdeildir og gefa mælingar Jörffí skýra vísbendingu um hvert eðli jöklanna er. Má það heita góður skerfur til jöklafræða almennt. Ljóst er einnig að þessar upplýsingar fela í sér margvíslegan fróðleik annan um eiginleika jökla og bíður hann úrvinnslu.

Oddur Sigurðsson

JÖKULL 44. ÁRGANGUR

Fertugasta og fjórða hefti Jökuls (árgangur 44) kom út í síðasta mánuði og hefur verið dreift til þeirra sem staðið hafa skil á félagsgjaldi sínu fyrir 1994. Rétt er að benda þeim sem nýlega hafa gengið í félagið að þeir eiga ekki von á að fá nýja heftið, því greitt er fyrirfram og þeir hafa ekki fengið sendan giróseðil fyrir þetta hefti. Þeir nýliðar sem vilja fá þennan nýútkomna Jökul geta fengið eintak hjá varaformanni Einari Gunnlaugssyni gegn greiðslu.

Nýja heftið er 88 síður eins og síðast. Í ritinu eru fjórar greinar á ensku sem hafa verið sérstaklega metnar af vísindaritnefnd. Þær eru um hraunlagastaflann við Ísafjarðardjúp og fornsegulmagn í honum eftir Leó Kristjánsson og Hauk Jóhannesson, fyrsta tímabil GPS-mælinga við Hengil eftir K.M. Hodgekinson og Gilian R. Foulger, tilraun til að mæla landbreytingar í Austur-Skaftafellssýslu sem fall af rýrnun Vatnajökuls eftir Pál Einarsson, Freysteinn Sigmundsson, Hofton, Foulger og Jacoby og í fjórða lagi ýmsa greiningu á öskukornum úr eldgosum á og við Reykjaneskaga eftir Jón Eiríksson, Magnús Á. Sigurgeirsson og Torsten Hoelstad. Þessum greinum fylgir íslenskt ágríp. Þá eru einnig greinar á íslensku um framhlaup Tungnaárjökuls eftir Oddur Sigurðsson, Breiðamerkursand eftir Sigurð Björnsson (endurprentað vegna mistaka í fyrra hefti), minningargreinar um Sigurjón Rist eftir Helga Björnsson og Jakob Björnsson og þeim fylgir ritalisti Sigurjóns og Guðfinnur Jakobsson frá Reykjarfirði ritar grein í minningu Aðalsteins Jóhannessonar á Skjaldfönn.

Fastagreinar eru í heftinu um jöklabreytingar og vorferð félagsins í Grímsvötn. Birtar eru skýrslur formanna Jöklarannsóknafélagsins og Jarðfræðafélagsins og reikningar þess fyrrnefnda.

Oddur Sigurðsson

HELGARFERÐ UMHVERFIS MÝRDALSJÖKUL

Í framhaldi af tveim fræðslufundum í vetur, sem tengdust Kötlu, efndi Jöklarannsóknafélag Íslands til skoðunarferðar umhverfis Mýrdalsjökul helgina 6. og 7. júlí 1996.

Lagt var af stað kl. 8:10 á laugarmorgun 6. júlí frá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar og ekið að Sólheimajökli. Þar var gengið upp á Jökulhaus undir leiðsögn Vals Jóhannessonar sem mælt hefur sporð jökulsins árlega síðan 1967. Miklar breytingar hafa á orðið þann tíma sem Valur hefur verið við jöklamælingarnar og lýsti hann ýmsu sem horfið hafði undir jökulinn s.l. aldarfjórðung. Ljóst var að enn er jökullinn á hraðferð fram.

Eftir nestishlé var ekið upp í heiðina ofan Sólheimakots og sýndi Haukur Jóhannesson jarðfræðingur okkur ummerki eftir stórkostlegt gos sem hefur orðið í Mýrdalsjökli fyrir um 12.000 árum.

Næst var ekið inn að Hafursey og Selfjalli á Mýrdalssandi og þar sagði Haukur Tómasson jarðfræðingur okkur frá Kötluhlaupinu 1918. Sömuleiðis leiddi hann okkur upp á Hjörleifshöfða í slóð Kjartans Leifs Markússonar sem hvað besta útsýn hafði yfir hlaupið og lýsti því skilmerkilega á prenti. Enn var litið á slóðir Kötluhlaupa í Álftaveri áður en farið var í tjaldstað í Lambaskarðshólum á Skaftártunguafretti til gistingar um kl. 20. Þriðjungur hópsins gisti í skálanum en hinir í tjöldum.

Með morgninum var Hólaskjólíð kvatt og ekið niður fyrir Hrífunes og svo áfram svokallaða Öldufellsleið upp á Fjallabak. Áð var við Hólmsá og gengið með henni en það vatnsfall er með fríðustu lindám landsins. Einnig var gengið út á hamrana við Öldufell en sá hamrasalur kom mörgum á óvart. Nesti áttum við við Öldufellslæk.

Á leið okkar yfir Mælifellssand bar margt fyrir augu, svo sem syðsta hluta Eldgjárgossprungunnar þar sem hún hverfur undir Botnjökul í Mýrdalsjökli og eru þær eldstöðvar ekki venjulegar. Brennivínskvísl var allt að því þurr við Mælifellið græna.

Gengið var út á gljúfurbarma Markarfljóts að austanverðu fyrir sunnan Hattfell. Svo var ekið yfir Fljótið á brú og niður Einhyrningsflatir. Drukkum kaffi í Tröllagjá austan undir Fauskheiði og ókum svo vafningalítið heim til Reykjavíkur þangað sem við komum á 8. tímanum.

Ekki verður annað sagt en að ferðin hafi tekist með ágætum. Veðrið lék við okkur og leiðsögumennirnir kunnu að segja frá fjölmörgu sem lá vissulega ekki í augum uppi. Fullskipað var í rútuna og þurfti því miður að neita nokkrum um far vegna þess. Ferðin kostaði 3.700 kr. fyrir þá sem gistu í skála en 3.100 kr. fyrir tjaldbúa. Unglingar 10-16 ára fengu far fyrir hálfvirði en yngri en 10 ára ókeypis.

Fararstjóri var undirritaður.

Oddur Sigurðsson